



FÉLAG NÁMS-&
STARFSRÁÐGJAFNA

AÐALFUNDUR

Haldinn 29. apríl 2009

ÁRSSKÝRSLA

Efnisyfirlit

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa	3
Dagskrá aðalfundar er skv. 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa eftirfarandi:	3
Stjórn FNS var þannig skipuð s.l. starfsár:	3
Stjórnarfundir.....	4
Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári voru:.....	4
1. Dagur náms- og starfsráðgjafa	5
2. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa.....	6
3. Sí- og endurmenntun félagsmanna	9
4. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar.....	9
5. Kjara- og hagsmunamál.....	12
5.1 Fulltrúar	12
Félag grunnskóla.....	12
Félag framhaldsskóla	12
Skólamálanefnd FF	12
5.2 Ályktun frá Félagi náms- og starfsráðgjafa.....	13
6. Félagatal og félagsaðild FNS.....	13
7. Fjárreiður og félagsgjöld FNS	13
8. Styrkir til FNS	13
9. Norrænt samstarf	14
10. Nefnd um náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum.....	14
11. Umsagnir um námsefni.....	15
12. Beiðnir Alþings um umsagnir um frumvörp til laga.....	15
13. FNS - norðan heiða	15
14. Samstarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafa.....	16
15. Önnur verkefni	17
Lokaorð.....	19

Ársskýrsla Félags náms- og starfsráðgjafa

Lögð fram á aðalfundi 29. apríl 2009

Dagskrá aðalfundar er skv. 8. grein laga Félags náms- og starfsráðgjafa eftirfarandi:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Ársreikningur félagsins.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga félagsins.
4. Lagabreytingar.
5. Nefndastörf.
6. Umræður og afgreiðsla mála.
7. Kosning stjórnar, varastjórnar og fræðslunefndar.
8. Kosning tveggja endurskoðenda og eins til vara.
9. Önnur mál.

Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn í Tæknigarði við Dunhaga 30. apríl 2008. Á fundinum gaf formaður félagsins Ágústa Elín Ingbórsdóttir kost á sér til endurkjörs auk tveggja stjórnarmanna.

Ágústa E. Ingbórsdóttir, Borgarholtsskóla, var kjörin formaður FNS. Ketill G. Jósefsson og Eydís Katla Guðmundsdóttir gáfu kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn. Edda Jóhannesdóttir var kjörin ritari í stað Guðrúnar Þ. Björnsdóttur sem var kjörin í varastjórn. Fríður Reynisdóttir var kjörin meðstjórnandi í stað Ketils G. Jósefssonar sem var kjörinn varaformaður. Guðrún Þ. Björnsdóttir var kjörin í varastjórn í stað Gígju Árnadóttur, Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Stjórn FNS var þannig skipuð s.l. starfsár:

Ágústa Elín Ingbórsdóttir, formaður
Ketill G. Jósefsson, Vinnumálastofnun á Suðurnesjum, varaformaður
Edda Jóhannesdóttir, Iðan fræðslusetur, ritari
Eydís Katla Guðmundsdóttir, Vallaskóla, gjaldkeri
Fríður Reynisdóttir, Borgaskóla, meðstjórnandi

Guðrún Þ. Björnsdóttir, Menntaskólanum í Reykjavík, varastjórn
Ólafur Haraldsson, Fjölbrautaskóla Vesturlands, varastjórn.

Guðrún Björg Karlsdóttir, Laugalækjarskóla gaf kost á sér áfram til setu í fræðslunefnd. Anna Harðardóttir, Verkmenntaskólanum á Akureyri, Erna Guðbjörg Árnadóttir, Menntaskólanum við Hamrahlíð, Guðrún Erla Ingvadóttir, Fellaskóla, og Ólöf Pálína Úlfarsdóttir, Fjölbrautaskólanum við Ármúla gáfu auk þess kost á sér í fræðslunefnd.

Endurskoðandi var kosinn Kristinn Freyr Kristinsson og til vara Björg Birgisdóttir og Guðmundur Páll Ásgeirsson.

Úr stjórn gekk Guðrún Kristinsdóttir. Úr fræðslunefnd gekk Ingibjörg Bragadóttir, Garðaskóla, Ásdís Birgisdóttir, Verkmenntaskólanum á Akureyri, Steinunn H. Jónsdóttir, Brekkuskóla og Elín Rut Ólafsdóttir, Fjölbrautaskóla Suðurnesja. eru þeim færðar hugheilar þakkir fyrir að taka að sér forystuhlutverk fyrir FNS og vinna öflugt og óeigingjarnt starf í þágu félagsins og fagstéttarinnar.

Arnar Þorsteinsson, Ölduselsskóla, Helga Eysteinsdóttir, Hring sjá og Toby S. Herman, Menntaskólanum í Reykjavík gáfu kost á sér áfram til setu í síðanefnd.

Sigríður Bílddal, Holtaskóla, Gísli Baldvinsson, Skóladeild Akureyrarbæjar, Anna G. Hugadóttir, Fjölbrautaskólanum í Garðabæ, Guðrún S. Helgadoóttir, Menntaskólanum í Kópavogi, Ingunn Margrét Ágústsdóttir, Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, Hildur Katrín Rafnsdóttir, Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, Guðrún Stella Gissuraradóttir, Vinnumálastofnun á Vestfjörðum og Ketill G. Jósefsson, Vinnumálastofnun á Suðurnesjum, gáfu kost á sér í kjaranefnd félagsins.

Fríður Reynisdóttir, Borgaskóla, Sigrún Garcia Thorarensen, Rimaskóla, Ólafur Haraldsson, Fjölbrautaskóla Vesturlands, Bryndís Jóna Jónsdóttir, Flensborg, Herdís Zophoníasdóttir, Menntaskólanum á Akureyri, Jónína Kárdal, Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands, Gígja Árnadóttir, Menntavísindasviði Háskóla Íslands, Ketill G. Jósefsson, Vinnumálastofnun á Suðurnesjum, Ásta Kr. Ragnarsdóttir, Nema ehf. og Kristjana Katrín Þorgrímsdóttir, Námsflokkum Reykjavíkur, gáfu kost á sér í fagrað fyrir skólastigin þrjú og atvinnulífið.

Stjórnarfundir

Á fyrsta fundi nýkjörinnar stjórnar skipti hún með sér verkum á eftirfarandi hátt: Ketill G. Jósefsson, varaformaður, Fríður Reynisdóttir, meðstjórmandi, Eydís Katla Guðmundsdóttir, gjaldkeri og Edda Jóhannesdóttir, ritari. Ólafur Haraldsson í varastjórn tók að sér að halda utan um félagatal FNS í samstarfi við gjaldkera. Stjórnin hélt 10 stjórnarfundum á liðnu starfsári auk þess sem meðlimir stjórnar og fræðslunefndar funduðu þess á milli um ýmis aðkallandi verkefni. Fræðslunefnd og varastjórn voru boðuð á alla stjórnarfundum. Stjórn, varastjórn og fræðslunefnd var virk í því að nota rafræna miðla til að koma upplýsingum sín á milli.

Meginviðfangsefni á fundum stjórnar FNS á liðnu starfsári voru:

1. Dagur náms- og starfsráðgjafar
2. Löngverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa
3. Sí- og endurmenntun félagsmanna
 - Leonardo mannaskiptaáætlun
4. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar
5. Kjara- og hagsmunamál
6. Félagatal og félagsaðild FNS
7. Fjárreiður og félagsgjöld FNS
8. Styrkir til FNS
9. Norrænt samstarf
10. Nefnd um náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum
11. Umsagnir um námsefni
12. Beiðnir Alþings um umsagnir um frumvörp til laga
13. FNS - norðan heiða
14. Samstarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar
 - Akademia
15. Önnur verkefni

Félagsmenn FNS hafa tekið þátt í ýmsum nefndum og starfshópum fyrir hönd félagsins. Það er ljóst að það skiptir afar miklu máli að FNS eigi fulltrúa í neðangreindum nefndum. Með því er hægt að tryggja að rödd fagstéttarinnar heyrist og að hagsmunum félagsmanna og ráðþega þeirra sé komið á framfæri. Eftirfarandi félagsmönnum eru færðar þakkir fyrir þeirra störf:

1. Anna G. Hugadóttir, FG og Guðrún S. Helgadoóttir MK, í kjaranefnd FF.
2. Toby S. Herman, MR, í sjúkrasjóði KÍ.
3. Ágústa E. Ingþórsdóttir, formaður FNS, fulltrúi FNS í nefnd Landlæknis-embættisins um varnir gegn sjálfsvígum.

4. Þórdís Guðmundsdóttir, Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðinu, fulltrúi FNS í starfshópi um Europass (stöðluð menntunar- og starfshæfnimappa). Europass er rekið af Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands.
5. Ágústa E. Ingbórsdóttir, formaður FNS, í starfshópi Euroguidance (Evrópumiðstöð náms- og starfsráðgjafar). Euroguidance er rekið af Rannsóknþjónustu Háskóla Íslands.
6. Guðrún Þ. Björnsdóttir, MR, í samstarfshópi um heilsueflingu og forvarnir í framhaldsskólum á vegum Lýðheilsustöðvar.
7. Ólöf Helga Þór, FB, fulltrúi FNS í Norrænum samtökum náms- og starfsráðgjafa. Skýrsla Ólafar um norrænt samstarf er hluti ársskýrslu FNS.
8. Guðrún Þ. Björnsdóttir, MR, í samstarfshópi um tillögur um aðstoð við þá sem eiga við erfiðleika að stríða vegna efnahagsástandsins á vegum Menntamálaráðuneytisins. Þessi hópur var fyrst og fremst settur af stað til að kanna hvernig ástand væri í skólunum og minna á mikilvægi þess að skólinn væri griðastaður nemenda og einnig starfsfólks.
9. Ragnheiður Bóasdóttir, Menntamálaráðuneyti, í samstarfshópi um jafnréttisfræðslu í leik- og grunnskólum á vegum félags- og tryggingamálaráðuneytis, Jafnréttisstofu, Jafnréttisráðs, Reykjavíkurborgar, Hafnarfjarðarbæjar, Akureyrarbæjar, Kópavogsbæjar og fleiri sveitarfélaga.
Meginmarkmið verkefnisins eru:
 - Að efla jafnréttisfræðslu.
 - Að samþætta kynjasjónarmið í kennslu.
 - Að auka samvinnu *milli* sveitarfélaga um jafnréttismál á sviði skólamála.
 - Að auka samvinnu *innan* sveitarfélags um jafnréttismál almennt.
 - Að auka upplýsingaflæði um jafnréttisfræðslu.
 - Að búa til vettvang þar sem miðlað er af reynslu svo aðrir geti unnið eftir því sem vel tekst til með.
10. Ágústa E. Ingbórsdóttir, formaður FNS, í samstarfshópi um brotthvarf úr skólakerfinu - átaksverkefni, stefna og rannsóknir (DROP-IN) á vegum Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands, Námsflokka Reykjavíkur og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.
11. Ágústa E. Ingbórsdóttir, formaður FNS, í samstarfshópi um evrópskt net náms- og starfsráðgjafar (European Lifelong Guidance Policy Network) á vegum Menntamálaráðuneytisins.

Hér fylgir umfjöllun um meginviðfangsefni stjórnar FNS og þess sem hæst bar á liðnu starfsári.

1. Dagur náms- og starfsráðgjafar

Í tilefni af Degi náms- og starfsráðgjafar þann 20. október, hélt FNS námsstefnu undir heitinu „*Hvernig má tryggja gæði náms- og starfsráðgjafar?*“. Tilgangur þessa dags var að vekja athygli á þeirri þjónustu sem náms- og starfsráðgjafar veita og kynna strauma og stefnur í fræðigreininni.

Námsstefnan var haldin á Hilton Reykjavík Nordica og gestafyrirlesari var Dr. Deirdre Hughes. sem hefur verið forstöðumaður rannsóknar- og þróunarmiðstöðvar í náms- og starfsráðgjöf við Háskólann í Derby (center for guidance studies).

Það var mikill fengur að fá Dr. Deirdre Hughes í heimsókn þar sem sérvið hennar lýtur m.a. að hæfnistöðlum og stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf. Þetta er mikilvægt í ljósi þeirrar þróunar

sem hefur átt sér stað á námi í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands. Frá árinu 1991 hefur nám í náms- og starfsráðgjöf staðið til boða við Háskóla Íslands, fyrst sem eins árs diplómanám að lokinni grunnháskólagráðu. Frá árinu 2004 hefur verið boðið uppá meistaraáráðu í greininni og til stendur að breyta náminu í tveggja ára heildstætt meistaranám. Gert er ráð fyrir að taka upp nýtt skipulag haustið 2010.

Það voru Félag náms- og starfsráðgjafa og meistaranám í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands sem stóðu að komu Dr. Deirdre Hughes til landsins.

Veitt var sérstök viðurkenning fyrir störf í þágu náms- og starfsráðgjafar og áður óskað eftir skriflegum tilnefningum frá félagsmönnum. Hrafnhildi Tómasdóttur, Vinnumálastofnun höfuðborgarsvæðinu, var veitt þessi viðurkenning.

Stjórn FNS og fræðslunefnd unnu að undirbúningi þessa dags og það er von þeirra sem þar starfa að Dagur náms- og starfsráðgjafar hafi orðið til þess að vekja enn frekar athygli landsmanna á þeirri þjónustu sem náms- og starfsráðgjafar veita.

Mannauður er dýrmætasta auðlind hvers þjóðfélags. Til að einstaklingar og atvinnulíf geti þrífist og vaxið þarf menntun og mannauður að kallast á. Náms- og starfsráðgjöf er mikilvægt tæki til að aðstoða og hvetja fólk til að bæta stöðu sína hvað varðar nám og störf.

2. Lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa

Stjórn FNS lagði megináherslu á að beita sér fyrir lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa í störfum sínum s.l. starfsár. Formaður FNS, ásamt fulltrúa frá meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf við HÍ og Mími símenntun, átti fundi með menntamálanefnd Alþingis sem tengdust málinu. Á þessum fundum voru þau rök ítrekuð sem mæla með lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa. Í mars lagði menntamálanefnd fyrir frumvarp til laga um náms- og starfsráðgjafa þar sem markmiðið var að lögvernda starfsheitið náms- og starfsráðgjafi. Frumvarpið var samþykkt einróma á Alþingi. Af þessu tilefni vill stjórn FNS koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem unnið hafa að framgöngu þessa mikilvæga máls. Lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa mun efla enn frekar gæði og metnað í störfum náms- og starfsráðgjafa í landinu, nemendum og öðrum skjólstæðingum okkar til heilla.

Ný lög um náms- og starfsráðgjafa

*Þingskjal 847, 136. löggjafarþing 422. mál: náms- og starfsráðgjafar (heildarlög, EES-reglur).
Lög nr. 35 3. apríl 2009.*

Lög um náms- og starfsráðgjafa.

1. gr.

Starfsheitið náms- og starfsráðgjafi.

Rétt til að kalla sig náms- og starfsráðgjafa og starfa sem slíkur hefur sá einn sem til þess hefur leyfi menntamálaráðherra, sbr. 2. mgr.

Leyfi skv. 1. mgr. skal veita umsækjanda sem lokið hefur námi í náms- og starfsráðgjöf frá háskóla sem hlotið hefur viðurkenningu menntamálaráðherra samkvæmt [lögum nr. 63/2006](#).

2. gr.

Matsnefnd.

Leiki vafi á hvort umsækjandi um leyfi til þess að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi fullnægi þeim skilyrðum sem kveðið er á um í lögum þessum skal leita umsagnar matsnefndar sem menntamálaráðherra skipar til fjögurra ára í senn.

Matsnefnd skal skipuð þremur fulltrúum, einum frá félagi náms- og starfsráðgjafa, einum tilnefndum af samstarfsnefnd um háskólastigið og einum án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Jafnmarga varamenn skal skipa á sama hátt. Nánar skal kveðið á um starfshætti matsnefndar í reglugerð.

3. gr.

Réttindi sem aflað er í ríki innan EES eða í aðildarríki EFTA.

Menntamálaráðherra skal staðfesta leyfi til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi samkvæmt umsókn ríkisborgara frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða Færeyjum ef viðkomandi leggur fram vottorð um viðurkennd réttindi í ríki innan svæðisins eða Færeyjum í samræmi við skilyrði tilskipunar 89/48/EBE, sbr. lög nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum, með áorðnum breytingum.

Samkvæmt umsókn frá ríkisborgara aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal ráðherra staðfesta leyfi til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi með sömu skilyrðum og tilgreind eru í 1. mgr., enda leggi viðkomandi fram vottorð um viðurkennd réttindi í aðildarríki samtakanna.

4. gr.

Leyfisveiting.

Menntamálaráðherra er heimilt að veita þeim sem eru í starfi þegar lög þessi öðlast gildi leyfi það sem um ræðir í 1. mgr. 1. gr. enda þótt þeir uppfylli ekki skilyrði 2. mgr. 1. gr. Áður en leyfi er veitt skal leita umsagnar matsnefndar.

5. gr.

Þagnarskylda.

Náms- og starfsráðgjafa er skylt að gæta þagnarmælsku um atriði sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt viðkomandi láti af starfi.

6. gr.

Skyldur náms- og starfsráðgjafa.

Náms- og starfsráðgjafa ber að þekkja skyldur sínar samkvæmt lögum, viðhalda þekkingu sinni og tileinka sér nýjungar er varða fagið.

Náms- og starfsráðgjafar bera ábyrgð á þeirri ráðgjöf sem þeir veita.

7. gr.

Reglugerðarheimild.

Ráðherra getur sett nánari ákvæði í reglugerð um framkvæmd laga þessara, m.a. reglur um skilyrði fyrir veitingu leyfis og hvernig staðið er að veitingu og afturköllun leyfis.

8. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

9. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara verða eftirfarandi breytingar á öðrum lögum:

1. Lög um grunnskóla, nr. 91/2008:

a.

2. mgr. 11. gr. orðast svo:

Um skilyrði þess að hljóta ráðningu sem skólastjóri, kennari eða náms- og starfsráðgjafi í grunnskóla fer samkvæmt gildandi lögum þar um.

b.

3. mgr. 13. gr. orðast svo:

Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í grunnskóla af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa.

2. Lög um framhaldsskóla, nr. 92/2008:

a.

3. mgr. 8. gr. orðast svo:

Um skilyrði þess að vera ráðinn skólameistari, kennari eða náms- og starfsráðgjafi við framhaldsskóla fer eftir ákvæðum gildandi laga um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla og laga um náms- og starfsráðgjafa.

b.

Orðin „náms- og starfsráðgjafa“ í 1. málsl. 5. mgr. 8. gr. falla brott.

c.

1. mgr. 37. gr. orðast svo:

Nemendur eiga rétt á að njóta náms- og starfsráðgjafar í framhaldsskóla af aðilum sem uppfylla skilyrði laga um náms- og starfsráðgjafa.

Samþykkt á Alþingi 30. mars 2009.

Árétting um hin nýju lög var m.a. send Skólastjórafélagi Íslands, Félagi íslenskra framhaldsskóla, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Vinnumálastofnun og símenntunarmiðstöðvum.

3. Sí- og endurmenntun félagsmanna

Ýmis tækifæri hafa boðist Félagi náms- og starfsráðgjafa auk fræðslufunda til að auka sí- og endurmenntunartækifæri félagsmanna. Samkvæmt lögum FNS er eitt af hlutverkum félagsins að stuðla að endurmenntun félagsmanna. Það er mikilvægt fyrir hvern og einn félagsmann að vera vakandi fyrir sí- og endurmenntunarbörf sinni, miðla þekkingu og færni og stuðla þannig að eflingu fagvitundar og fagmennsku innan fagstéttarinnar. Leonardo mannaskiptaáætlun er dæmi um sí- og endurmenntun sem hefur verið og mun verða í boði fyrir félagsmenn:

Leonardo mannaskiptaáætlun 2007 – 2009

Stjórn FNS sótti um styrk til mannaskipta á vegum Leonardo árið 2007 og var þetta tveggja ára verkefni. Styrkur var úthlutaður fyrir 8 náms- og starfsráðgjafa til þriggja landa. Þau eru: Austurríki, England og Svíþjóð. Mannskiptaverkefnið var nefnt LIVE – Life skills and Innovation in Vocational and Educational guidance – mobility project.

Meginmarkmið mannskiptaverkefnisins er að koma á samskiptum við evrópska náms- og starfsráðgjafa, miðla upplýsingum og auka fagmennsku íslenskra náms- og starfsráðgjafa. Sérstök áhersla var lögð á lífs- og starfsleikni (life and career skills) í ljósi breyttra aðstæðna á vinnumarkaði.

Þau tækifæri sem hafa gefist með mannskiptaverkefnum FNS, bæði á árunum 2004-2006 og nú 2007-2009 hafa verið mjög mikilvæg fyrir hvern styrkþega. Það er einnig mikilvægt fyrir FNS að vera í tengslum við fagaðila í Evrópu, fá kynningu á fyrirkomulagi náms- og starfsráðgjafar í viðkomandi löndum ásamt því að kynna stefnumótun í faginu í Evrópu.

Þeir náms- og starfsráðgjafar sem fengu úthlutaða styrki eru:

Austurríki: Helga M. Steinsson, Edda Jóhannesdóttir og Iðunn Kjartansdóttir
Svíþjóð: Guðrún Vala Elísdóttir og Guðbjörg Kristmundsdóttir
Bretland: Margrét Linda Ásgrímsdóttir og Guðbjörg Sveinsdóttir

Á fyrrihluta árs 2008 var fyrirhugað verkefni kynnt og síðar auglýst á sameiginlegum vef okkar þar sem áhugasamir ráðgjafar gátu sótt um.

Vegna efnahagshrunsins á seinni helmingi ársins 2008 var hætt við að senda út náms- og starfsráðgjafa í náms- og kynnisferð en í staðinn fara þeir út á vormisseri 2009 en verkefninu lýkur í maílok 2009. Frásagnir af ferðum náms- og starfsráðgjafanna munu væntanlega birtast á vef FNS.

Ketill Jósefsson, Eydís Katla Guðmundsdóttir og Jónína Kárdal hafa haft umsjón með verkefninu fyrir hönd FNS.

4. Fræðslumál og verkefni fræðslunefndar

27. maí: Uppskeruhátíð

Uppskeruhátíð meistaranema í náms- og starfsráðgjöf var haldin í Námunni í Endurmenntun HÍ. Verkefni þetta er haldið í samstarfi við nám í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands.

18. september:

Fundur í Menntamálaráðuneytinu um breytingar á samræmdum prófum og inntökuskilyrðum í framhaldsskóla. Karl Kristjánsson, deildarstjóri, tók á móti félagsmönnum í Menntamálaráðuneytinu.

7. október:

Sölvi Sveinsson, verkefnastjóri í Menntamálaráðuneytinu, kynnti helstu breytingar innan framhaldsskólans vegna nýrra laga.

20. október: Dagur náms- og starfsráðgjafar

Haldin var námsstefna á Hilton Reykjavík Nordica undir yfirskriftinni: *Hvernig má tryggja gæði náms- og starfsráðgjafar?* (constructing the evidence-base for high quality careers work). Fyrirlesari var Dr. Deirdre Hughes sem verið hefur forstöðumaður rannsóknar- og þróunarmiðstöðvar í náms- og starfsráðgjöf við Háskólann í Derby (Center for guidance studies). Ágústa E. Ingþórsdóttir formaður Félags náms- og starfsráðgjafa setti námsstefnuna og formaður Menntaráðs Reykjavíkurborgar, Kjartan Magnússon, flutti stutt ávarp við upphaf dagskrár.

20. nóvember: Kynning á Ungmennafélagi Íslands

Guðrún Snorradóttir verkefnastjóri hjá Ungmennafélaginu tók á móti félagsmönnum og kynnti starfsemina, m.a. verkefnið „Flott án fíknar“.

5. desember: Jólafundur

Jólafundurinn var haldinn í Litlu Brekku. Þar áttu félagsmenn notalega stund ásamt góðum gestum. Auður Jónsdóttir rithöfundur las upp úr bók sinni *Vetrarsól* og tveir ungir menn úr FÍH, Ásgeir Aðalsteinsson og Valdimar Guðmundsson sungu og spiluðu undir á gítar og básúnu.

5. febrúar: Almennur félagsfundur (með fjarfundabúnaði)

Á fundinum var samþykkt ályktun frá Félagi náms- og starfsráðgjafa sem sjá má í heild sinni í lið 5.2.

5. febrúar: Efnahagsástandið - sálrænn stuðningur (með fjarfundabúnaði)

Haldin voru námskeið á vegum Landlækniseimbættisins og voru fyrirlesarar Salbjörg Bjarnadóttir geðhjúkrunarfræðingur og Wilhelm Norðfjörð sálfræðingur. Námskeiðin voru tvískipt; annars vegar fyrir náms- og starfsráðgjafa sem starfa á háskólastigi og í atvinnulífinu, hins vegar fyrir náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum. Vel var mætt á bæði námskeiðin en þau fóru fram í húsnaði Háskólans í Reykjavík.

19. febrúar: Samráðsfundur náms- og starfsráðgjafa

Haldnir voru fjórir aðskildir fundir þar sem rædd voru hagsmuna- og fagleg mál náms- og starfsráðgjafa. Leitað var til fagráða til þess að halda utan um fundina og skipuleggja dagskrá hvers fundar fyrir sig. Náms- og starfsráðgjafar í grunnskólum hittust í Laugarlækjarskóla, í framhaldsskólum í Borgarholtsskóla, náms- og starfsráðgjafar í háskólum komu saman í Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands og samastaður náms- og starfsráðgjafa í atvinnulífinu var Iðan, fræðslusetur. Þessir samráðsfundir mæltust einstaklega vel fyrir og var ákveðið að hafa slíka fundi árvissa. Sérstakur fundur var haldinn á Akureyri fyrir Norðurland.

19. mars: Námskeiðið Verndarar barna

Námskeiðið var haldið í samvinnu við samtökin Blátt áfram og nefnist Verndarar barna. Á námskeiðinu var fjallað um kynferðislega misnotkun á börnum og forvarnir gegn henni. Horft var á myndband og stuðst við vinnubók sem þátttakendur fengu í hendur. Félagsmenn létu í ljós þá skoðun að þeir óskuðu eftir að þetta námskeið yrði aftur í boði.

17. apríl: Fagnaður

Félagsmönnum og nemum í náms- og starfsráðgjöf var boðið upp á léttar veitingar í Safnaðarsal Fríkirkjunnar í tilefni af gildistöku nýrra laga um náms- og starfsráðgjafa. Þar var farið yfir söguna í bland við ljúfa tónlist. Var það rómur félagsmanna að aldrei hefðu jafnmargir náms- og starfsráðgjafar komið saman og þennan dag til að gleðjast yfir þessum mikilvæga áfanga.

22. maí er fyrirhugað eins dags námskeið sem halda á á Flúðum.

Rannsóknir í náms- og starfsráðgjöf - Uppskeruhátíð

Í maí 2009 er áætlað að hafa fræðslufund þar sem kynntar verða rannsóknir í náms- og starfsráðgjöf og hvað helst er í deiglu hér á landi á fræðasviðinu.

Námsstefna FNS 2009 - Dagur náms- og starfsráðgjafar 20. október

Námsstefna FNS verður haldin í Reykjavík 20. október 2009, á degi náms- og starfsráðgjafar. Í boði verður m.a. fyrirlestur Jean Guichard. Guichard er prófessor í sálfræði í CNAM í París og stjórnar INETOP. Þessar tvær stofnanir mennta náms- og starfsráðgjafa þar í landi og Guichard er án efa leiðtogi í menntun og rannsóknum á þessu sviði.

Vettvangsnám fyrir atvinnulíf

Hugmyndir eru uppi um að fara af stað með vettvangsnám fyrir náms- og starfsráðgjafa sem starfa hjá stofnunum og fyrirtækjum í atvinnulífinu og veita ráðgjöf í tengslum við símenntun. Einnig hefur sú hugmynd komið fram að náms- og starfsráðgjafar sem starfa á háskólastiginu verði með í því námi. Fyrirhugað er að leita eftir samstarfi við Vinnuálastofnun, Félagsmálaráðuneytið og Menntamálaráðuneytið. Ræðst það af því hvort styrkur fæst til verkefnisins hvort af þessu verður. Fyrirkomulag námsins yrði með svipuðu sniði og vettvangsnáms sem haldið var fyrir náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum. Stefnt er að því að fara af stað með námið haustið 2009.

Námskeið: Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð

26. janúar og 2. febrúar var haldið námskeið á vegum Endurmenntunar HÍ. Námskeiðið bar yfirskriftina *Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð* og var ætlað náms- og starfsráðgjöfum. Markmið námskeiðsins var að náms- og starfsráðgjafar geti nýtt sér aðferðir hugrænnar atferlismeðferðar í viðtölum og skilgreiningu á vanda. Farið var í uppbyggingu viðtals, undirstöðuatriði í hugrænni atferlismeðferð, að skilja og skilgreina vanda, notkun sókratískrar samtaltækni og viðhorf sem hafa áhrif á samtalið. Kennslan byggðist á fyrirlesturum, verkefnum, æfingum og handleiðslu. Kennari var Agnes Agnarsdóttir, sálfræðingur. Góð aðsókn félagsmanna var á þetta námskeið og fólki fannst það mjög gagnlegt.

Námskeið: Tilfinningaleikni/fókusing

Sérstakt námskeið um tilfinningaleikni/fókusing var haldið fyrir náms- og starfsráðgjafa 10. mars - 31. mars. Tilfinningaleikni/fókusing er hlustunaraðferð sem byggir á kenningum mannúðarsálfræðingsins Carl Rogers en heimspekingurinn Eugene Gendlin, prófessor við University of Chicago þróaði hana áfram og bætti m.a. líkamlegri skynjun tilfinninga við. Aðferðin er notuð til að virða og vera með tilfinningum sínum og tilfinningum annarra og nýtist vel sem viðtaltækni og við kennslu á öllum stigum.

Vefsíða FNS

Guðrún Björg Karlsdóttir hefur haft umsjón með vefsíðu FNS í vetur. Á vefsíðunni er að finna fréttir og samantektir á fræðslufundum vetrarins ásamt öðru ítarefni. Þegar fréttir vetrarins eru skoðaðar er ljóst að mikil starfsemi hefur verið í gangi, þörf og öflug umræða ásamt því að vefsíðan kynnir Félag náms- og starfsráðgjafa út á við. Vefsíðan er því öflugur miðill sem áfram þarf að byggja upp og styrkja.

5. Kjara- og hagsmunamál

5.1 Fulltrúar

Félag grunnskóla

Í vetur hefur enginn fulltrúi FNS setið í samninganefnd FG og er það miður. Mikilvægt er fyrir FNS að eiga fulltrúa í samninganefnd FG þegar kemur að kjara- og hagsmunamálum.

Formaður FNS og fulltrúar í kjaranefnd FNS fyrir grunnskólastigið áttu fund með Ólafi Loftssyni, formanni Félags grunnskólakennara, þar sem kjaramál náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum voru rædd. Í framhaldi af þeim fundi sendi FNS frá sér kröfugerð vegna kjarasamninga náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum.

Félag framhaldsskóla

Anna Guðrún Hugadóttir í FG og Guðrún Helgadóttir í MK starfa nú með samninganefnd FF fyrir hönd náms- og starfsráðgjafa í framhaldsskólum. Þær tóku við kyndlinum af Björgu Kristjánsdóttur í MH og Ragnheiði Bóasdóttur í Menntamálaráðuneytinu á aðalfundi FNS 2008.

Fundað er að jafnaði á tveggja vikna fresti í samninganefndinni og oftast ef þurfa þykir. Allar aðstæður og áform um launapróun og framgang í launamálum eru breyttar frá því sem áætlað var vegna bankahruns og kreppu. Óljóst er um framhaldið og hvernig staðið verður að málum nú þegar samningar eru lausir.

Náms- og starfsráðgjafar eiga æ minna sameiginlegt með kennurum í launabaráttu þar sem störfín eru ólík að uppbyggingu og vinnutími skilgreindur með ólíkum hætti.

Tveir náms- og starfsráðgjafar eru nefndarmönnum innan handar og eru það þær Elísabet Vala Guðmundsdóttir í FB og Ingveldur Sveinbjörnsdóttir í Kvennaskólanum í Reykjavík. Ágústa Ingbórsdóttir formaður félagsins er hópnun einnig til ráðuneytis og er tengiliður við stjórn FNS.

Með lögverndun er staða okkar mun betri en áður og gefur stéttinni nýja möguleika.

Skólamálanefnd FF

Í vetur hefur enginn fulltrúi FNS setið í skólamálanefnd FF. Ljóst er að það er FNS áfram mikilvægt að hafa fulltrúa í þeirri nefnd og að eiga fulltrúa innan allra aðildarféлага Kennarasambands Íslands.

Frá Guðrúnu Stellu Gissurardóttur Fræðagarði, félagi háskólamanna

Guðrún Stella situr í samstarfsnefnd vegna kjarasamninga. Sérstakur stofnanasamningur hefur verið í gildi frá 2007 og tekur hann að mestu mið af stofnanasamningum frá 2006. Sá samningur var gerður í samfloti BHM félaga en endurskoðaður 2007 og er komið að endurskoðun hans nú sem og kjarasamninga. Í stofnanasamningnum frá 2007 voru grunnlaun ráðgjafa hækkuð um einn flokk en áður höfðu umtalsverðar breytingar átt sér stað og laun hjá þjónustustofnunum Vinnumálastofnunar færð nær því sem gerist í skólakerfinu. Ráðgjafi sem hefur 120 eininga nám úr háskóla (gömlu einingarmar þ.e. grunnnám + diplomapróf í náms- og starfsráðgjöf) grunnraðast nú að lágmarki í lfl. 8. skv. launatöflu sem gildi frá 1. júní 2008 – 31. mars 2009 fyrir Fræðagarð og fleiri félög innan BHM. Starfsumhverfi náms- og starfsráðgjafa sem eru í Útgarði er þó oft ólíkt þeirra náms- og starfsráðgjafa sem starfa í skólakerfinu. Þeir vinna oft við erfiðar aðstæður sem að lýsa sér m.a. í því að vinnusvæði þeirra eru stór landssvæði og þurfa þeir að ferðast mikið á milli staða á landsbyggðinni. Oft búa þessir staðir við lágt þjónustustig sem gerir það að verkum að þeir þurfa að grípa inn í ýmis verkefni sem þeir gætu vísað frá sér til annarra sérfræðinga á höfuðborgarsvæðinu. Nú hefur álag á ráðgjafa Vinnumálastofnunar aukist gríðarlega í kjölfar mikils atvinnuleysis og hefur það haft margvísleg áhrif á störf þeirra. M.a. hefur áhersla á hópráðgjöf

aukist og mikið kapp lagt á að aðstoða atvinnuleitendur við að halda sér virkum m.a. með náms- og starfsúræðum. Sterk krafa hefur verið hjá náms- og starfsráðgjöfum á landsbyggðinni um að fá greidda dagpeninga en það náðist ekki inn í síðustu samningum en líklega mun endurmenntun, greiðsla álagsþátta og handleiðsla verða aðkallandi í núverandi árferði. Unnið var að starfslýsingu náms- og starfsráðgjafa hjá Vinnumálastofnun fyrir samningana 2006 og er verksvið þeirra því skýrara en áður en þörf er á að endurskoða þær starfslýsingar miðað við núgildandi aðstæður. Áherslan á ráðgjöf hefur aukist jafnt og þétt hjá þjónustumiðstöðum Vinnumálastofnunar. Áherslan á ráðgjafarþátt starfsseminnar hefur skilað góðum árangri en hefur jafnframt haft aukið álag í för með hjá ráðgjöfum ekki síst við þær aðstæður sem nú eru uppi í samfélaginu vegna efnahags- og atvinnusamdráttar. Mikilvægt er að fara í endurskoðun á samningum og taka þætti eins og handleiðslu við ráðgjafa til góðrar ígrundunar við þessar flóknu og erfiðu aðstæður sem einkennir starfsumhverfi ráðgjafanna í dag.

5.2 Ályktun frá Félagi náms- og starfsráðgjafa

Á almennum félagsfundi FNS þann 5. febrúar var eftirfarandi ályktun samþykkt:

Félagsmenn FNS lýsa yfir áhyggjum af stöðu efnahags- og atvinnumála.

Félagsmenn FNS hafa að undanfögnu fundið fyrir aukinni aðsókn í ráðgjöf. Náms- og starfsráðgjafar búa yfir sérþekkingu sem gerir þeim kleift að aðstoða einstaklinga við að takast á við breytingar á starfshögum eða atvinnumissi. Þeir standa einnig vörð um velferð ungs fólks í skólum og undirbúa nemendur undir næstu skref í námi og starfi, t.d. með skipulegri náms- og starfsfræðslu.

Félagsmenn FNS beina því til stjórnvalda að gera allt sem þau geta til að tryggja góðan aðbúnað barna og ungmenna, að niðurskurður útgjalda hjá ríki og sveitarfélögum bitni sem minnst á þeim og að fagleg náms- og starfsráðgjöf við þau verði eflað.

Félagsmenn FNS skora á stjórnvöld að grípa til enn frekari aðgerða, til að koma í veg fyrir vaxandi atvinnuleysi. Atvinnumissir er gríðarlegt áfall fyrir einstaklinga, heimili og samfélagið í heild. Það er sjálfsagt réttindamál að allir sem fyrir því verða eigi aðgang að faglegri náms- og starfsráðgjöf.

Við þær aðstæður sem nú ríkja í íslensku samfélagi er mikilvægara en nokkru sinni fyrir að styrkja faglega náms- og starfsráðgjöf og eru ríki og sveitarfélög því hvött til þess að marka skýra stefnu í málaflokknum.

Ályktunin var m.a. send Félagsmálaráðuneyti, Menntamálaráðuneyti, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og helstu fjölmiðlum.

6. Félagatal og félagsaðild FNS

Í vetur hefur Ólafur Haraldsson haft umsjón með félagatali FNS. Skráðir félagar í FNS eru nú 280 talsins þar af 27 nýskráningar. Áfram er stefnt að því að uppfæra félagatalið þannig að hægt verði að kortleggja sérþekkingu félagsmanna. Markmiðið með slíkri kortlagningu er að varpa enn betur ljósi á fagþekkingu félagsmanna og að auðvelda stjórn að leita til félagsmanna þegar þörf er á frekari upplýsingum varðandi málefni sem á borð berast.

7. Fjárreiður og félagsgjöld FNS

Ársreikningur Félags náms- og starfsráðgjafa fyrir árið 2008 er byggður á bókhaldi félagsins.

Sjá sérrit um ársreikning félagsins.

8. Styrkir til FNS

Stjórn Verkefna- og námsstyrkjasjóðs FG og SÍ veitti FNS styrk að upphæð kr. 150.000.- fyrir námskeiðið - *Samtaka nú* - sem haldið var 11. - 12. apríl á Hótel Hamri við Borgarnes. Verkefna- og námsstyrkjasjóður FG og SÍ veitti FNS einnig styrk að upphæð kr. 50.000.- vegna námskeiðsins - *Hvernig má tryggja gæði náms- og starfsráðgjafar* - sem haldið var á Degi náms- og starfsráðgjafar þann 20. október 2008. Rannsóknþjónusta Háskóla Íslands og Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar styrktu FNS að upphæð kr. 75.000.- vegna sama námskeiðs.

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara veitti FNS styrk að upphæð kr. 80.000.- fyrir námskeiðið - *Hvernig má tryggja gæði náms- og starfsráðgjafar?* - sem haldið var þann 20. október 2008. Samstarfsnefndin veitti FNS einnig styrk að upphæð kr. 285.000.- fyrir námskeiðið - *Samtaka nú* - sem haldið var þann 11. - 12. apríl á Hótel Hamri við Borgarnes.

Samkvæmt samningi FNS og Menntamálaráðuneytisins, sem endurnýjaður er árlega, leggur ráðuneytið félaginu til fé sem jafngildir tveimur mánaðarlaunum samkvæmt eldri launaflokki B09 3. þrepi. Hefur þessi upphæð verið greidd til félagsins og það staðið skil á sínum hluta samningsins og sinnt umsögnum um námsefnisgerð.

Öllum þessum aðilum er hafa styrkt faglegt starf FNS eru færðar kærar þakkir.

9. Norrænt samstarf

Norræn samtök náms- og starfsráðgjafa

Skýrsla fulltrúa fyrir árið 2008: Ólöf Helga Þór

Fulltrúi Félags náms- og starfsráðgjafa í stjórn norræna náms- og starfsráðgjafa NFSY er Ólöf Helga Þór, náms- og starfsráðgjafi Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. Hlutverk fulltrúa er að mæta á aðalfundi hjá félaginu og upplýsa félagsmenn um það sem er á döfinni hverju sinni. Fulltrúa ber einnig að upplýsa stjórn norrænu samtakanna um starfsemi FNS.

Aðalfundur NFSY norræns félags náms- og starfsráðgjafa var haldinn 26.- 29. apríl 2008 í Malmö í Svíþjóð. Fulltrúar Noregs, Svíþjóðar, Íslands, Danmerkur og Finnlands voru mættir á fundinn ásamt aukaaðilum frá Færeyjum, Álandseyjum og Grænlandi. Fulltrúi Íslands á fundinum var Ketill Jósefsson. Svíþjóð hefur farið með stjórnina síðustu þrjú ár. Á fundinum var farið yfir skýrslu stjórnar, skýrslur frá hverju aðildarlandi fyrir sig ásamt því að reikningar félagsins voru lagðir fram. Á þessum fundi var lögum samtakanna lítillega breytt (sjá heimasíðu samtakanna (www.nfsy.org)).

Ákveðið var að halda Dag náms- og starfsráðgjafar hátíðlegan í októbermánuði á hinum Norðurlöndunum að íslenski fyrirmynd. Rætt var um að vera með sameiginlegt þema á þessum degi, og lagt til að útfæra hugmyndina frekar á næsta aðalfundi. Einnig var ákveðið að skiptast á tímaritum norrænu félaganna.

Fulltrúar frá Grænlandi sátu fundinn og kynntu störf og menntun náms- og starfsráðgjafa í heimalandi sínu. Eftir þessa kynningu var samþykkt að bjóða fulltrúum Grænlands aðild að aðalfundum NFSY.

Danir tóku við stjórnartaum norrænu samtakann af Svíum. Hin nýja stjórn sendi frá sér starfsáætlun á haustmánuðum og svo fundarboð aðalfundar nú í vor. Samþykkt var að fara eftir henni á komandi starfsári. Danska stjórnin sendi síðar frá sér þriggja ára starfsáætlun þar sem meginþema fyrir hvert ár er eftirfarandi:

2008-2009: Að tryggja faglegt mat og gæði náms- og starfsráðgjafar.

2009-2010: Hin faglegi ráðgjafi: hæfni og úrræði.

2010-2011: Grænlenk ráðgjöf milli hefða og endurnýjunar. ⁱ

10. Nefnd um náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum

Menntamálaráðherra skipaði nefnd í tengslum við þingsályktun um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum. Nefndinni var ætlað að kanna gildi þess og gagn að auka náms- og starfsráðgjöf í grunn- og framhaldsskólum sem úrræði gegn brottfalli nemenda í framhaldsskólum og fyrir farsælt náms- og starfsval. Jafnframt átti nefndin að kanna sérstaklega ástæður þess að svo stór hluti nemenda velur bóknám að loknum grunnskóla, hver séu áhrif foreldra og kennara á náms- eða starfsval og hvaða hugmyndir grunnskólanemendur hafi um framhaldsnám og störf að námi loknu. Að lokum var nefndinni falið að gera samanburð á náms- og starfsráðgjöf í helstu nágrannalöndum, svo og árangri ráðgjafar og annarra úrræða gegn brottfalli.

Nefndina skipuðu: dr. Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, formaður nefndar, Ágústa E. Ingþórsdóttir og Sigríður Bílddal.

Til hliðar við nefndina voru tveir náms- og starfsráðgjafar fengnir að rannsóknarvinnu, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir og Inga Jóna Þórsdóttir.

Nefndin skilaði af sér skýrslunni - *skýrsla nefndar um gildi náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum* - í lok júní 2008 (<http://www.althingi.is/altext/136/s/pdf/0353.pdf>).

11. Umsagnir um námsefni

Líkt og undanfarin ár fór Menntamálaráðuneytið þess á leit við FNS að gera umsögn um námsefni. Að þessu sinni var ein umsókn um námsefni í grunn- og framhaldsskóla til umsagnar. Ágústa E. Ingþórsdóttir tók þetta að sér fyrir hönd FNS.

12. Beiðnir Alþings um umsagnir um frumvörp til laga

Á þessu starfsári hefur Alþingi beðið Félag náms- og starfsráðgjafa að senda umsagnir um tvö frumvörp til laga. Stjórn FNS hefur sent frá sér umsagnir til menntamálanefndar Alþingis um eftirtalin frumvörp:

- Frumvarp til laga um framhaldsfræðslu
- Frumvarp til laga um náms- og starfsráðgjafa

Allar umsagnir um málin birtast á vef Alþingis undir fyrrsögninni *Innsend erindi* á síðu viðkomandi þingmáls þegar nefndin hefur lokið umfjöllun um málið.

FNS fékk einnig til umfjöllunar tvö erindi frá Félagi framhaldsskólakennara - beiðnir um álit vegna breytinga á 9. gr. reglugerðar nr. 1100/2007 um starfslið og skipulag framhaldsskóla í tengslum við 7. gr. nýrrar reglugerðar um starfslið framhaldsskóla og vegna reglugerðar um sérfræðipjónustu leik- og grunnskóla.

13. FNS - norðan heiða

Anna Harðardóttir, náms- og starfsráðgjafi Verkmenntaskólanum á Akureyri.

1. Fyrsti fundur FNS á Norðurlandi var haldinn í september 2008. Þar var ákveðið að halda tvo fundi á haustönn og þrjá á vorönn auk heimsókna á vinnustaði félagsmanna. Félagsmenn ræddu um hvaða námskeið/fyrirlestra þeir hefðu áhuga á að fá norður og var ákveðið að kanna hvort hægt væri að fá námskeið um notkun Bendils. Þátttaka var góð og ánægja með fyrirkomulag vetrarins.
2. Í október bauðst náms- og starfsráðgjöfum námskeið á vegum Námsmatsstofnunar um notkun áhugasviðsprófsins Bendils.

3. Í nóvember bauð Arnfríður Aðalsteinsdóttir, náms- og starfsráðgjafi hjá Jafnréttisstofu, til heimsóknar þar sem hún kynnti starfsemi stofnunarinnar og helstu verkefni.
4. Jólafundur var haldinn í desember á Hótel KEA. Málin rædd og farið yfir stöðuna hjá náms- og starfsráðgjöfum í ljósi efnahags- og atvinnumála í þjóðfélaginu.
5. Í febrúar var fræðslufundur á vegum Landlæknisembættisins. Fyrirlesarar voru Salbjörg Bjarnadóttir geðhjúkrunarfræðingur og Wilhelm Norðfjörð sálfræðingur. Náms- og starfsráðgjafar nýttu sér fyrirlesturinn með fjarfundarbúnaði hjá Háskólanum á Akureyri
6. Samráðsfundur með náms- og starfsráðgjöfum í grunn- og framhaldsskólum var haldinn í mars. Þar var farið yfir umræðupunkta frá fagráðum FNS og málin rædd. Meðal annars var rætt um nýju framhaldsskólalögin og hvaða áhrif þau hafa á skólastarfið. Áhyggjur félagsmanna komu fram um samdrátt í þjóðfélaginu og niðurskurð m.a. hjá náms- og starfsráðgjöfum. Einnig var rætt um hugleiðingar um aðkomu þeirra í sjálfböðavinnu hjá Akureyrarbæ og hvernig hægt væri að skipuleggja hana. Að lokum kom fram að mikið álag er á náms- og starfsráðgjafa bæði í grunn- og framhaldsskólum og erfitt að koma nemendum í sálfræðiaðstoð. Mikill áhugi félagsmanna er fyrir endurmenntum sem nýtist í starfi ráðgjafans t.d. handleiðsla, HAM námskeið og gögn til að vinna með í ráðgjöf.
7. Í apríl var haldinn lokafundur vetrarins og lögverndun starfsheitis náms- og starfsráðgjafa fagnað.

Þátttaka í vetrarstarfinu hefur verið góð og almenn ánægja með hvernig til hefur tekist.

14. Samstarf við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar

Gott samstarf hefur verið á milli FNS og verkefnisstjóra Evrópumíðstöðvar náms- og starfsráðgjafa, Dóru Stefánsdóttur. Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar er upplýsingamiðlun og samstarfsvettvangur sem Evrópusambandið styrkir með það fyrir augum að miðla evrópskri vídd og undirstrika mikilvægi náms- og starfsráðgjafar, starfsþjálfunar og símenntunar í upplýsingasamfélagi nútímans. Evrópumíðstöðin hefur stutt ótullega við bak FNS og nokkur samvinnuverkefni voru unnin þennan veturinn. Helst ber að nefna:

Academia verkefni

Á vefsíðu Evrópumíðstöðvarinnar www.euroguidance.is segir svo: „Markmiðið er að auðvelda náms- og starfsráðgjöfum að fara í styttri námsferðir til annarra Evrópulanda til að fræðast þar um skipulagningu menntakerfis í viðkomandi landi eða fyrirkomulagi á vinnumarkaði. Heimsóknirnar eru skipulagðar þannig að hvert þátttökuland skipuleggur námskeið sem að öllu jöfnu stendur yfir í viku til tíu daga. Þar er gefið yfirlit yfir samfélag og opinber kerfi viðkomandi lands og farið í heimsóknir til stofnana og fyrirtækja þar sem ráðgjafar starfa. Einnig eru oft tekin fyrir ákveðin þemu sem eru mikilvæg í faglegri umræðu um ráðgjöf.”

FNS tók þátt í þessu verkefni með Evrópumíðstöðinni með því að taka að sér umsjón með hluta af dagskránni. Þemadagur var haldinn þar sem fjallað var um brottfall og formaður FNS kynnti starfsemi náms- og starfsráðgjafar á Íslandi. FNS bauð svo þátttakendum til léttar íslenskrar máltíðar á heimili Gígju Árnadóttur. FNS vill fá að þakka Dóru fyrir þetta samstarf. Einnig er komið á framfæri þakklæti til Valborgar Baldvinsdóttur og Gígju Árnadóttur fyrir þeirra þátt í þessu verkefni.

15. Önnur verkefni

Félag náms- og starfsráðgjafa hefur tekið þátt í ýmsum verkefnum, málþingum og fundum sem hafa stuðlað að frekari kynningu á náms- og starfsráðgjöf og félaginu í þjóðfélaginu ásamt því að vekja athygli á málefnum náms- og starfsráðgjafa.

Fundur samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara, formanna fagfélaga, skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara og fulltrúa Félags stjórnenda í framhaldsskólum

Formanni FNS var boðið til fundar samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara, formanna fagfélaga, skólamálanefndar Félags framhaldsskólakennara og fulltrúa Félags stjórnenda í framhaldsskólum þann 14. október.

Námskeið samstarfsnefndar um endurmenntun framhaldsskólakennara fyrir formenn fagfélaga, skólamálanefnd FF og stjórn FS

Formanni FNS var boðið á námskeiðið Námskrárgerð í framhaldsskólum þann 26. mars

Stofnfundur rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar

Formanni FNS var boðið til stofnfundar rannsóknarstofu um skóla án aðgreiningar þann 2. júní. Hlutverk rannsóknarstofunnar er að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði skóla án aðgreiningar, miðla þekkingu, læra af vettvangi, veita ráðgjöf, efla innlend og erlend tengsl og taka þátt í alþjóðlegri þekkingarsköpun.

Námstefna DROP-IN - Brotthvarf úr skólakerfinu - átaksverkefni, stefna og rannsóknir

Formaður FNS tók þátt í pallborðsumræðum á námstefnunni DROP-IN þann 9. júní 2008. Markmið námstefnunnar var fyrst og fremst að stuðla að gagnkvæmri upplýsingamiðlun og samræðu á milli þeirra aðila sem koma að stefnumótun og ákvarðanatöku í menntamálum, foreldra, nemenda og allra þeirra sem starfa í skólakerfinu og við fullorðinsfræðslu

Félagsmenn í FNS hafa tekið aukinn þátt í sjálfbodastarfi og sýnt frumkvæði í að kynna starf og framlag náms- og starfsráðgjafar. Þar ber helst að nefna eftirfarandi þrjú verkefni:

1. NÝTTU KRAFTINN

Sigríður Snævarr sendiherra og María Björk Óskarsdóttir viðskiptafræðingur hafa mótað hugmyndafræðina NÝTTU KRAFTINN sem miðar að því að hvetja atvinnulausa einstaklinga að nýta tíma sinn og kraft á jákvæðan og uppbyggilegan hátt.

Náms- og starfsráðgjafar bjóða upp á áhugasviðspróf. Verkefnið NÝTTU KRAFTINN hefur það að markmiði að hvetja þátttakendur til að nýta kraftinn sem í hverjum og einum býr til að gera sig samkeppnishæfari í atvinnuleitinni.

2. Sjálfbodaliðar í Rauðakrosshúsinu

Rauðakrosshúsið sem opnaði nú fyrir stuttu er þjónustumiðstöð fyrir alla landsmenn þar sem einstaklingar og fjölskyldur geta leitað stuðnings við að takast á við breyttar aðstæður - eða nýtt krafta sína öðrum til gagns. Lögð er áhersla á að sjálfbodaliðar móti starfið.

Berglind Helga Sigurbórsdóttur, náms- og starfsráðgjafi Verslunarskóla Íslands, mun leiða þetta verkefni f.h. félagsins. Boðið er upp á áhugasviðsgreiningu í litlum hópum, 1 x í viku. Námsmatsstofnun er þessu verkefni innan handar með áhugasviðskönnuninni *Í leit að starfi*.

Að taka þátt í þessu verkefni er tvímælalaust styrkur fyrir okkur sem fagstétt. Aðrar fagstéttir koma einnig að þessari sjálfboðavinnu s.s. prestar, sálfræðingar, félagsráðgjafar, fjármálaráðgjafar og lögfræðingar.

Stjórn FNS lítur svo á að hér sé kjörið tækifæri fyrir stéttina til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins í formi náms- og starfsráðgjafar.

3. Virkjun mannauðs á Reykjanesi

Virkjun mannauðs á Reykjanesi hóf starfsemi sína 15. janúar sl. á Keflavíkurlflugvelli. Hugmyndin að baki verkefnisins er að byggja upp starfsemi fyrir íbúa á Reykjanesi sem leita nýrra tækifæra í atvinnu eða námi. Þá er Virkjun ekki síður staður þar sem einstaklingar geta komið saman, hitt nýtt fólk og kynnst því starfi sem er í gangi hverju sinni.

Almenningi er boðið að koma og nýta sér þá fjölbreyttu þjónustu sem þar er í boði. Markmiðið er að þar finni flestir eitthvað við sitt hæfi, hvort sem um er að ræða ráðgjöf eða aðstoð við stofnun sprotafyrirtækja. Jafnframt er aðstaða fyrir námstengd verkefni, fyrirlestra, námskeið, kynningar og tómstundaverkefni.

Náms- og starfsráðgjafar hafa verið með fasta viðveru í Virkjun.

Greinar í Morgunblaðinu og Víkurfréttum (svæðisblað Reykjanesbæjar) í tengslum við Dag náms- og starfsráðgjafar 20. október 2008

Tvær greinar birtust í Morgunblaðinu í tengslum við dag náms- og starfsráðgjafar eftir Ágústu E. Ingbórsdóttur og Sigríði Bílddal. Grein Ágústu fjallaði um mikilvægi náms- og starfsráðgjafar í þjóðfélaginu og grein Sigríðar um náms- og starfsfræðsla í grunnskólum.

Ein grein birtist í Víkurfréttum eftir Sigríði Bílddal og Önnu Lóu Ólafsdóttur sem fjallaði um náms- og starfsráðgjöf á Suðurnesjum.

Heimsóknir evrópskra náms - og starfsráðgjafa

Geta má þess að formaður FNS tók á móti þremur hópum náms- og starfsráðgjafa frá Evrópu og var einkar ánægjulegt að fræðast um hvernig staðið er að greininni í viðkomandi löndum og fá tækifæri til að fræða aðra um það gróskumikla starf sem unnið er hér á landi.

Lokaorð

Starfsemi FNS hefur verið fjölbreytt og viðburðarík þetta árið eins og ársskýrslan ber með sér. Ég læt nú af störfum sem formaður FNS eftir fjögurra ára starf í stjórn, eitt ár sem meðstjórnandi og þrjú ár sem formaður. Baráttan fyrir lögverndun starfsheitis okkar hefur verið meginviðfangsefni mitt sem formanns og stjórnar síðustu þrjú árin - þó mest hafi reynt á þá vinnu á þessu starfsári. Ferlið hófst fyrir alvöru á samþykkt þingsályktunartillögu um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum í mars 2007, gerð skýrslu starfshóps um náms- og starfsráðgjöf 2007 í tengslum við 10 punkta samkomulagið og skýrslu nefndar um gildi náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sem kom út í júní 2008. Einnig hófst meginvinnan við endurskoðun laga um skólastigin og síðar umsögnum um ný menntalög, lög um leik-, grunn- og framhaldsskóla, háskóla og framhaldsfræðslu ásamt lögum um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda við leik, grunn- og framhaldsskóla. Nýsamþykkt lög um náms- og starfsráðgjafa fylgdu í kjölfarið á breytingum á þessum lögum.

Það hefur verið einkar ánægjulegt að hafa fengið tækifæri til að leiða þetta mál farsælega til lykta. Eftirleikurinn mun að stórum hluta snúa að fagstéttinni sjálfri og faglegheitum hennar, hversu samkvæm við erum sjálfum okkur og trú faginu. Til að okkur beri gæfa til að efla enn frekar gæði og metnað í störfum náms- og starfsráðgjafa í landinu, skjólstæðingum okkar til heilla er mikilvægt að við vinnum heimavinnuna okkar - stöndum vörð um stéttarvitund okkar. Það sem einkum ber að vinna að er að fjölga náms- og starfsráðgjöfum til að okkur sé unnt að vinna meira að fyrirbyggjandi starfi, skjólstæðingum okkar til heilla. Það gerum við m.a. með því að fjölga nemum í námi í náms- og starfsráðgjöf og leggja áherslu á að efla þurfi náms- og starfsráðgjöf í skólum og fjölga þar stöðugildum.

Einnig er nauðsynlegt að vinna að fjölgun náms- og starfsráðgjafa utan skólakerfisins við þær aðstæður sem nú ríkja í íslensku samfélagi. Það er sjálfsagt réttindamál að allir sem fyrir atvinnumissi verða og þeir sem hverfa á brott frá námi eigi aðgang að faglegri náms- og starfsráðgjöf.

Ég er mjög bjartsýn á framtíð okkar sem fagstéttar - það er mikil þörf fyrir okkar sérþekkingu í dag - á tímum breytinga, sviptinga og óvissu. Ég hef oft sagt að okkar þekking er límið sem límir þennan veruleika saman, t.d. ný menntalög - án okkar eru allar þessar breytingar óhugsandi - en á sama tíma og við erum mikilvæg og kallað er eftir okkar sérþekkingu verðum að halda vel á því tækifæri sem okkur hefur verið gefið með nýjum lögum. Hið farsæla samstarf sem félagið hefur átt við nám í náms- og starfsráðgjöf við HÍ er afar mikilvægt og er án efa einn af mikilvægustu þáttunum sem hefur fært okkur fram á við og fært okkur lögverndun á starfsheiti náms- og starfsráðgjafa.

Ég vil að lokum þakka stjórnarmönnum og þeim sem starfað hafa í nefndum og fagráðum fyrir vel unnin störf í þágu félagsins sem og hinum almenna félagsmanni. Mörg verkefni eru fram undan og félagið er vettvangur til að skapa bæði félagsmönnum og þeim sem til þeirra leita farsæla framtíð.

Reykjavík, 29. apríl 2009

Ágústa E. Ingbórsdóttir

formaður Félags náms- og starfsráðgjafa

ⁱ 2008-2009 Evaluerin og kvalitetssikring af vejledning.

2009-2010 Den professionelle vejleder: kompetencer og ressourcer.

2010-2011 Grønlandsk vejledning mellem tradition og fornyelse.